

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, mánudaginn 25. janúar kl. 13:00 var haldinn 299. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað. Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Fulltrúi starfsmanna og formaður STOR, Guðjón Björnsson var fjarverandi. Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð SF 298. Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð rafrænt.
2. Klukkan 13:05 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar og lagði fram svohljóðandi tillögu:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) veitir forstjóra og/eða framkvæmdastjóra fjármála heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir allt að 15,5 M.kr. á árinu 2021.

Framangreindar heimildir ná einnig til undirritunar allra skjala sem heimildir ná yfir.

Tillögunni fylgi greinargerð. Tillagan samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Eyþór Arnalds og Hildur Björnsdóttir sitja hjá og óska bókað:

Hér er verið að auka lántökuheimildir um 2 milljarða frá því sem áætlað var í desember. Orkuveitan mun greiða eigendalán upp á 3,6 milljarða á fyrsta ársfjórðungi og arðgreiðslur upp á 3 milljarða. Með öðrum orðum er Orkuveitan að taka milljarða lán til að fjármagna eiganda sinn; Reykjavíkurborg.

Lögð fram áhættuskýrsla, dags. 20.01.2021

Klukkan 13:15 mættu til fundarins Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds ásamt Pétri Hanssyni og Helga Einari Karlssyni frá Delottie og kynntu aðlöguð reikningsskil samstæðu 2019.

Samþykkt að kynna endurskoðunarnefnd gögnin og óska eftir afstöðu nefndarinnar til þess hvort að birta skuli upplýsingarnar.

3. Forstjóri óskar eftir umboði stjórnar til boðunar hluthafafundar í Orkuveitu Reykjavíkur – Eignir. Samþykkt samhljóða.

Einnig lögð fram svohljóðandi tillaga. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að framselja hugverk, þ.m.t. vörumerki, og aðrar eignir og réttindi sem tengjast Carbfix aðferðinni til Orkuveitu Reykjavíkur-Eigna ohf., sem síðan mun framselja eignirnar til Carbfix ohf. og auka hlutafé sitt í félaginu til samræmis, sbr. meðfylgjandi drög að framsalssamningi.

Samþykkt samhljóða.

4. Klukkan 13:55 mættu Eiríkur Hjálmarsson, sérfræðingur í samfélagsábyrgð og Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri, til fundarins og kynntu efnistöð og dagsetningar vegna Ársskýrslu OR 2020.
5. Klukkan 14:05 mætti til fundarins Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri og kynnti heildarstefnu OR. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt.

Guðrún Erla gerði grein fyrir lykilverkefnum sem stjórnin samþykkti árið 2019.

Ákveðið að verja næsta starfsdegi stjórnar í kynningu á þeim lykilverkefnum sem verið er að vinna eða er lokið og í kjölfarið að stofna eftir atvikum ný verkefni og rýna heildarstefnu.

6. Klukkan 14:30 mætti til fundarins Kristján Már Atlason, forstöðumaður fyrirtækjamarkaðar hjá Orku náttúrunnar og gerði grein fyrir stöðunni á hleðslumarkaði.
7. Klukkan 15:20 mætti til fundarins Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri og lagði fram og kynnti minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða dags. 21. janúar 2021. Einnig Hildigunnur H. Thorsteinsson, framkvæmdastýra Rannsóknar og nýsköpunar og lagði fram og kynnti minnisblað sitt um stöðu forðagæslu dags. 21. janúar 2021. Umræður.
8. Klukkan 15:30 mætti Gestur Pétursson, framkvæmdastjóri Veitna, ásamt Arndísi Ósk Ólafsdóttur, forstöðumanneskju Vatnsveitu og fráveitu til fundarins. Þau gerðu grein fyrir vatnsflóði við Háskóla Íslands og framkvæmdum Veitna við Suðurgötu. Umræður.
9. Klukkan 16:00 mætti Sólrún Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri og kynni niðurstöður vinnustaðagreiningar sem framkvæmd var meðal starfsmanna í desember s.l.
10. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 21. janúar 2021, um starfsemina á milli stjórnarfunda.
11. Önnur mál.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 16:40.**

**Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 22. febrúar 2021.**

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon  
Eyþór Laxdal Arnalds  
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir  
Hildur Björnsdóttir  
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir